

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 28 mars 2014 í máli nr. S-601/2013:

Ákærvaldið

(Fanney Björk Frostadóttir ftr.)

gegn

X

(Auður Björg Jónsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars 2014, er höfðað með ákærum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefnu 14. maí 2013 og 22. október 2013 á hendur X, kennitala 000000-0000, [...], Reykjavík fyrir eftirfarandi brot:

I.

Fyrir líkamsárás, með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 24. febrúar 2013, ráðist með ofbeldi á þáverandi unnustu sína og barnsmóður A, í Garðahrauni við Álfanesveg í Garðabæ, með því að sparka ítrekað í fætur hennar og líkama og slá hana einu höggi í höfuðið þannig að hún féll í jörðina og þar sem hún lá í jörðinni hellt yfir hana gosdrykk og sprautað kveikjarabensíni yfir hana, allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar á vinstra gagnauga, mar og sár vinstra megin á enni, eymsli víða á höfði, mar á vinstri upphandlegg, fjölda marbletta á báðum sköflungum og kringum bæði hné og skrapsár framan á hægri hnéskel.

Telst brot þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Af hálfu Sigrúnar Jóhannsdóttur hdl. fyrir hönd A kt. 000000-0000 er þess krafist að ákærði greiði A 2.500.000 krónur í skaðabætur. Þá er krafist vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 24. febrúar 2013 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því bótakrafa er kynnt sakborningi en með dráttarvöxtum eftir þann dag skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um þóknun við réttargæslu úr hendi ákærða samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi og viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.

II.

Fyrir brot gegn nálgunarbanni, með því að hafa á tímabilinu frá 6. mars 2013 til 9. apríl 2013 sent fyrrum unnustu sinni og barnsmóður, A, 8 smáskilaboð í farsíma hennar sem er með númerið [...] úr síma með númerið [...]:

Miðvikudaginn 6. mars 2013 kl. 15:23:47: „Hjálp A min, eg er farveikur brotin með lunabolgu hjalp, kemst ekkert viltu svara mer astin min, lov u kv, A“

Fimmtudaginn 7. mars 2013 kl. 00:50:58: „Fyrir gefdu, sakna tin og elska tig A min,.4 ewer. XxXxX5“

Fimmtudaginn 7. mars 2013 kl. 22:52:56: „Hæ A min, viltu hringja 771 svo vid getum rætt leidina sem vid forum, eg elska tig af lif og sal10ar 3 litlar stelpur.“

Laugardaginn 9. mars 2013 kl. 01:58:04: „Jæja. A min eg get ekki reint ad na til min endalaust, vid hofum geingid i gegnum surt og sæt og otrulegustu hluti, tu veist vel ad eg mun ætid elska tig, veisttu huar eg er? Hotel Island 2hæd herb 222 tu kemur ef tu vilt astin min.“

Laugardaginn 9. mars 2013 kl. 09:59:20: „Getur tu sent mer,, Nr;6161hva97“

Sunnudaginn 10. mars 2013 kl. 07:12:37: „A min viltu sina mer sma umhigju, elsku astin min, eg er allur i tætlum, aldrei verid svona illafarin, tad lidur ekki ein sekunta sem eg hugsa ekki til tin. Tetta er vera en alt vera en dauda modur minar, tu hlitur ad hafa tad i ter ad tala vi mig, tu bjargadir lifu minu oftur en tig grunar, nu get eg vallad geingid andad brotin rif en verst af ollu er eg med brotid Hjarta, eg veit tu ert sar, vid hofum elskad hvort anad i 10ar,, 10ar og bornin okkar, tu hlitur ad getad fundid tad i ter A min ad tala vid mig, eg elska tig eg veit tu elskar mig sama hvusu sar tu er,,,hringdu 771 . Eg a ekki mikkid eftir tu ert lif mitt, eg græt og græt alla daga oll kvold eg bid Gud um hjalp viltu bara tala vid mig L.O.V.“

Þriðjudaginn 12. mars 2013 kl. 22:20:18

„Eg hef ahigjur af ter A min,,“

Þriðjudaginn 9. apríl 2013 kl. 03:55:51: „Takk A min, tú átt altaf hjarta mitt..súllu skvísa min..) Kv. X“

Ofangreind skilaboð hafi verið send, þrátt fyrir að Héraðsdómur Reykjaness hafi þann 1. mars 2013 úrskurðað hann í nálgunarbann, með úrskurði þar sem segir í úrskurðarorði: „Varnaraðili, A, skal sæta nálgunarbanni í sex mánuði þannig að lagt sé bann við því að hann komi á eða í námunda við heimili A að [...] í Hafnafirði eða dvalarstað hennar í Kvennaathvarfinu, á svæði sem afmarkast við 50 metra rafiús umhverfis framangreinda staði, mælt frá miðju húsanna. Jafnframt

er lagt bann við því að varnaraðili veiti A eftirför, nálgist hana á almannafæri eða setji sig í samband við hana með öðrum hætti. Úrskurðurinn var sama dag lesinn upp í heyranda hljóði og birtur á dómþingi í dómssal Héraðsdóms Reykjaness að ákærða viðstöddum.

Telst framangreint varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Mál þetta var þingfest þann 4. september 2013, en þá var ákærði ekki mættur og hafði ekki boðað forföll. Hann mætti við fyrirtöku málsins þann 18. september 2013 og neitaði sök á fyrri lið ákæru. Ákveðin var fyrirtaka 8. október 2013, en þá mætti ákærði ekki. Við fyrirtöku málsins þann 22. október 2013, var þingfest mál nr. S-915/2013 og það sameinað þessu máli skv. heimild í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og bæði málinu eftirleiðis rekin undir málsnúmeri þessa máls. Málinu var frestað að nýju að ósk ákærða til 21. nóvember 2013. Við fyrirtöku þann dag neitaði ákærði sök á seinni ákærulið og aðalmeðferð málsins þá ákveðin. Skýrslutökur í málinu fóru fram 7. febrúar 2014, 12. febrúar 2014 og 7. mars 2014 auk þess sem málflutningur fór fram þann dag og málið dómtekið.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, greiðist úr ríkissjóði. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði að öllu leyti skilorðsbundin. Þá er krafist frávísunar bótakröfu en til vara verulegrar lækkunar bóta.

I

Málavextir í ákærulið I.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að þann 24. febrúar 2013 hafi borist tilkynning þess efnis að ekið hafi verið á gangandi mann við Álftanesveg. Tilkynningunni fylgdi að slys væru minniháttar og að þau tengdust líkamsárásarmáli. Vitni í málinu sögðu í skýrslutöku á vettvangi að þau hafi séð hvar fólk hljóp í veg fyrir bifreið sem ekið var út á Álftanes. Þau hafi séð hvar annar aðilinn hékk á fremri farþegahurð og reyndi að komast inn í hana, bifreiðin hafi síðan lyfst og ekið hafi verið á aðilann sem hékk á hurðinni. Vitnið hafi þá farið út og rætt við þann sem sem ekið var á, sá hafi haldið utan um lærið sitt og gengið burtu. Vitnið sem ók bifreiðinni lýsti því svo fyrir lögreglu að hann hafi skyndilega séð unga stúlku hlaupa í veg fyrir bifreið sína, baðað út höndum og sagt sér að stoppa. Stúlkan hafi sest inn í bifreiðina farþegamegin en þá hafi aðili komið og reynt að rífa upp hurðina og ná stúlkunni út og hafi aðilinn öskrað „ég drep þig“. Stúlkan sem hafi verið í miklu uppnámi hafi þá sagt honum að aka af stað sem hann og gerði og þá

funduð að hann ók á aðilann. Lögreglan ræddi við brotþola og ákærða á vettvangi sem bar ekki saman um atvik. Um ástand brotþola kom fram að hún væri með áverka víða um líkamann, meðal annars á andliti. Um ástand ákærða kom fram að hann hafi verið í mjög annarlegu ástandi og framburður hans verið ruglingslegur og ótrúverðugur og að hann hafi farið á slysadeild.

Málavextir í ákærulið II.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að þann 23. mars 2013, hafi brotþoli mætt á lögreglustöð til að leggja fram kæru á hendur brotþola vegna brots á nálgunarbandi. Um málavextir vísast að öðru leyti til efnis í ákæru.

II

Hér verða eftir þörfum raktir framburðir ákærða og vitna fyrir dómi og lögreglu.

Ákæruliður I.

Ákærði bar fyrir dómi að hann vissi ekki af hverju hann væri kominn fyrir dóminn enda væri búið að snúa þessu máli í marga hringi. Hann upplýsti að brotþoli væri barnsmóðir hans, þau ættu saman þrjú börn og hefðu verið saman í tíu ár. Ákærði sagði svo frá að mál þetta hafi byrjað kvöldinu áður en þá hafi brotþoli verið að keyra með „atvinnuglæpamanni“ og verið í bílskúr með nafngreindum morðingja og fleira. Hann hafi reynt að fá hana heim enda hafi hún verið að drekka og keyra undir áhrifum ýmissa eiturlyfja. Honum hafi ekki líkað þetta og reynt að fá hana heim. Þegar hún hafi verið komin heim hafi hún fengið móðursýkiskast og hann þá talið réttast að þau fengju sér frískt loft. Þau hafi gengið rólega af stað frá hótelinu en þar sem hún sé frek og ágeng hafi hún stökkið upp í bílinn og keyrt af stað. Hún hafi ákveðið hvert þau færu. Hafi hún keyrt í tvær mínútur og stoppað skammt frá hótelinu. Er þau hafi staðið fyrir utan bifreiðina hafi hann sagt við hana í fyrsta sinn á ævinni að „hún eigi hann ekki skilið og hann vilji ekki svona konu“. Þá hafi hún „strunsað“ í burtu, ekki hlaupið eða dottið. Ákærði upplýsti að áður en hún hafi farið burt hafi ekki verið neinir áverkar á henni. Hann hafi síðan sagt við hana þegar hún var kominn inn í aðra bifreið: „A mín, viltu tala við mig“, en hún hafi þá skellt hurðinni á höndina á honum og hann verið fastur í hurðinni og dregist langar leiðir með bifreiðinni sem hafi leitt til áverka hjá honum enda hafi hann lent allur undir bifreiðinni. Hann hafi ekki rankað við sér fyrr en sjúkrabifreið hafi komið á svæðið. Hann taldi að brotþoli hafi verið á einhverjum efnum og skyldi ekki af hverju það kæmi ekki fram í skýrslum. Ástæðuna fyrir þessari háttsemi hjá brotþola sagði hann að það væri vegna þess að hún hafi verið að halda fram hjá með nafngreindum aðila. Þá sagði ákærði að þau hafi aldrei farið út í hraunið. Spurður af hverju hann hafi gengið á eftir henni þegar hún hafi „strunsað“ í burtu sagði ákærði að það hafi verið vegna þess að hann vildi að hún færi í meðferð og hugsaði um börnin. Hann sagði að hún hafi ekki verið að flýja hann, hún sé ekki hrædd við hann. Sagði hann það mögulegt að hún hafi dottið án þess að hann hafi séð það þar sem hún hafi ekki farið sömu leið og hann. Hún

hafi meðal annars hlaupið yfir hornið á hrauninu, allavega hafi hann ekki skýringu á því af hverju það hafi verið áverkar á henni þegar hún var kominn inn í bifreiðina og taldi jafnframt að hún hafi ekki verið með neina áverka. Ákærði sagði lýsingar brotþola á atvikum vera eins og „lélegt rapplag“. Hann hafi aldrei sparkað í brotþola eða slegið en hann hafi hins vegar fengið þungt högg frá brotþola fyrir að gleyma að kaupa mjólk. Hann kvaðst heldur ekki hafa heldt gosdrykk yfir brotþola og ekki muna eftir því hvort gosdrykkjardós hafi verið í bifreiðinni. Þá kvaðst hann ekki hafa verið með neitt bensín og hafi ekki hellt bensíni yfir brotþola og ef svo hefði verið þá hefði verið bensínlykt af fötum í marga daga. Einnig sagðist ákærði aldrei hafa sagt við brotþola að hann ætlaði að drepa hana, það myndi hann aldrei gera því hann elski hana. Aðspurður kvaðst ákærði sjálfur hafa verið edrú en taki einhver lyf svo sem Rítalín við athyglisbresti og kvíða auk svefnlyfja.

Í frumskýrslu lögreglu kom fram að ákærði hafi verið í mjög annarlega ástandi og hafi framburður hans verið ruglingslegur og ótrúverðugur auk þess sem hann hafi verið mjög tregur að skýra frá því sem átti að hafa gerst. Í skýrslutökum þann 25. og 27. febrúar 2013 kom fram haft eftir ákærða hjá lögreglu að konan hans hafi farið á fyllerí og þegar hún hafi komið heim hafi hún fengið móðursýkiskast og hellt yfir sig kveikjarabensíni. Þar sem hún hafi gert þetta og mikil læti hafi verið í henni hafi hann ákveðið að þau færu út að ræða málin. Hafi brotþoli keyrt og hafi þau farið á bifreiðastæði við Álftanesveg. Þar hafi þau rifist. Hafi hann sagt við hana: „Núna á hún hann ekki skilið“. Hún hafi þá hlaupið út úr bifreiðinni. Hann hafi bara farið á eftir henni í rólegheitunum, hann hafi ekki verið að snerta hana eða að beita hana valdi. Aðspurður af hverju hann hafi verið að elta hana kvað ákærði það hafa verið vegna þess að hann elski hana út af lífinu og hann hafi elt hana til þess að segja henni það auk þess sem hann hafði áhyggjur af henni þar sem hún hefði hóttað að drepa sig. Síðar eftir að hún hefði verið komin inn í bíl hafi hann reynt að opna hurð bifreiðarinnar en hún hafi þá sagt ökumanninum að gefa í sem hann hafi gert. Hann hafi þá klemmt höndina í hurðinni og við það að ökumaðurinn hafi beygt til hægri hafi hann dottið og orðið undir bifreiðinni. Fram kom í lögregluskýrslu að ákærði bendir á höndina á sér og lögreglumáður svarar: „Já þú ert rispaður á hendinni ég sé það“. Spurður um hvort hann hafi beitt brotþola einhverju ofbeldi eða sprautað yfir hana bensíni úr Zippó brúsa svaraði hann því neitandi. Spurður um hvort hann hafi hellt yfir hana úr kókdós, svaraði hann því til að hann vissi það ekki en kannski hafi hellst yfir hana. Aðspurður um hvort hann noti einhver lyfseðilsskyld lyf svaraði hann því til að hann fengi einhver lyf frá nafngreindum geðlækni sem hann ætli ekki að tjá sig neitt um en þetta hafi yfirleitt verið „eitthvað ömmu dót“.

Vitnið A brotþoli þessa máls bar fyrir dómi að hún og ákærði hafi verið á hótélherbergi á Hótel Hafnarfirði. Ákærði hafi verið búinn að vaka lengi og verið á miklum eiturlyfjum. Ákærði síðan beðið hana að taka vin hans með sér sem hafi átt að kaupa morfíntöflur en hún hafi átt að kaupa mat og sígarettur handa ákærða. Þegar hún hafi komið til baka hafi ákærði orðið mjög reiður henni fyrir að hafa verið of lengi. Auk þess hafi hann haldið að hún hafi sofið hjá vini hans sem keypti fyrir hann morfínið. Vitnið lýsti því þannig að ákærði hafi á þessari stundu verið í: „Hálfgerðu blakkáti og með svört augu og rosalega illur, hann hafi verið kominn í trans sem hann hafi verið fastur í en yfirleitt þegar hann hafi farið í það, hafi það

runnið af honum eftir um það bil hálf tíma“. Í framhaldi af því hafi hann byrjað að kýla hana í höfuðið því hann viti að þar sjáist það ekki og hrækt framan í hana, í augun og síðan ýtt með þumlinum í augum þannig að hún hafi bara séð svart. Þá hafi hann bitið hana í ennið en síðan hafi hann tekið hana upp á hárinu og sett hana að speglinum og sagt við hana: „Sjáðu hvað þú ert ljót við mig, þú virðir mig ekki neitt“. Hann hafi síðan stungið morfintöflu upp í munn hennar og sagt við hana að hann væri að gefa henni töfluna svo hún hefði það aðeins bærilegra miðað við það sem hann hafi ætlað að gera henni. Í framhaldi af því hafi hann neitt hana í kalda sturtu því hún væri skítug. Hafi hún tekið út úr sér morfintöfluna í sturtunni. Á meðan á þessu stóð hafi ákærði rætt um Noregsferð og börnin þeirra og þar sem hann hafi ekki róast eins og oft áður þá hafi hún verið orðið mjög hrædd. Hún hafi reynt að ræða við hann að hún tæki börnin en hann gæti farið til Noregs, en þá hafi hann orðið enn reiðari og sagt: „Við eigum alltaf að vera saman við erum sálufélagar, börnin koma og fara“. Hann hafi þegar á þessu stóð alltaf orðið reiðari og reiðari, sparkað í hana, en síðan orðið rólegur og yfirvegaður og þá lýst því fyrir henni hvernig hann ætlaði að drepa hana. Í fyrstu hafi hún talið að hann væri að hræða hana en þá hafi hann sagt henni að þau væri að fara út og myndu fara út bakdyrarnum við hótelið svo enginn myndi sjá þau fara út. Hafi hann gert sér upp hlátur þegar þau hafi gengið fram hjá myndavél sem mun vera staðsett bakdyrarnum. Bak við hótelið hafi staðið tveir útlendingar, henni hafi langað að kalla á hjálp en ekki þorað því vegna ótta hennar að þá yrði ákærði enn reiðari og kæmist ekki niður úr þessu kasti. Í framhaldi af því hafi hann skipað henni upp í bíl og að hún skyldi keyra en hann ætlaði að finna stað þar sem hann ætlaði að sýna henni hvernig eigi að ganga frá fólki. Hann hafi sagt henni hvert hún ætti að keyra og hafi þau stöðvað aksturinn á bílastæði við Álftanesveg og þar farið út úr bifreiðinni. Þar hafi hann sparkað í hana, í rassinn og ýtt henni áfram þrátt fyrir að hún bæði hann að hætta. Þegar þau hafi verið komin að hraungjótu hafi ákærði sagt: „Hérna er ég búinn að finna gjótu, hér ætla ég að ganga frá þér, hérna finnur þig enginn í nokkra daga“. Þar hafi hann fyrst hellt yfir hana úr kókdós en allt í einu hafi hún ekki vitað hvað hafi gerst, hvort hann hafi sparkað í hana eða kýlt en hún hafi fengið högg í höfuðið og nánast rotast. Þegar hún hafi vaknað hafi hann verið að hella yfir hana bensíni úr Zippó brúsa. Hafi hann einnig haldið á kveikjaranum. Hún hafi vitað að hún væri að fara að deyja og hafi verið búin að kveðja börnin sín. Allt í einu hafi eitthvað komið yfir hana og hún sprottið af stað. Hann hafi verið á hælum hennar, náð að hrinda henni einu sinni en hún ekki fundið fyrir því og náð að hlaupa áfram þar til hún kom að veginum þar sem hún hafi nánast hent sér fyrir bíl enda hafi hún frekar viljað verða fyrir bifreið en að hann myndi ná henni. Hún hafi farið inn í bifreiðina og skipað ökumanninum að aka að stað af því maður væri að reyna að drepa hana. Ákærði hafi reynt að draga hana út en hún hafi náð að halda í hurðina. Hafi hún kallað til ökumannsins að hann myndi reyna að drepa hann líka og líklega hafi ökumaðurinn séð ástand ákærða og því ekið af stað. Hafi hann ekið rólega en ákærði hafi hangið í hurðarhúninum og brotið hann og þá misst takið og orðið undir bílnum. Hafi hún þá sagt ökumanninum að hringja á lögregluna.

Brotapoli upplýsti að ástand hennar hefði verið þannig að hún hefði kastað upp eftir þetta, ekki vegna drykkju eða annars heldur vegna taugaspennu. Eftir þetta hafi hún farið ein upp á hótélherbergi og sólarhring síðar hafi lögreglan komið og tekið föt hennar. Hún upplýsti að hafa heyrt það að ákærði hafi verið að grobba sig í partíum að hafa hellt yfir hana bensíni og vitni séu til að því sem væru tilbúin að koma og upplýsa um það. Aðspurð um ástand hennar sjálfur upplýsti brotapolí að hún hefði

ekki verið á neinum lyfjum, hún hefði ekki getað hlaupið frá ákærða ef svo hefði verið. Hún hefði hins vegar drukkið bjór daginn áður. Aðspurð játaði hún að taka reglulega inn Esopram. Lyfið sé jafnvægislyf gefið við þunglyndi og kvíða. Aðspurð um ástand ákærða sagði hún ákærða taka auk Morfins, Diazepam, Rivotril, Rítalín og Mogadon, kokteil af öllu saman. Aðspurð af hverju hún hafi gefið þær upplýsingar hjá lögreglu að ákærði væri ekki í neyslu, kvað hún það hafa verið vegna þess að hún var að verja hann, hún hafi enn á þessum tíma verið meðvirk með honum. Aðspurð um áverka hennar sagðist hún fyrst hafa verið dofinn og ekki fundið neitt, það hafi ekki verið fyrr en daginn eftir að hún hafi áttað sig á áverkum sínum og hafa þá farið til læknis. Hún hafi meðal annars verið með stórt sár á hné, en nánast áverka út um allt.

Í frumskýrslu lögreglu er lýsing brotþola með sama hætti þó hún sé ekki eins ítarleg. Fram kom þar að ákærði hefði kýlt hana fast í gagnaugað þegar þau voru stödd í gjótunni þar sem ákærði á að hafa hellt yfir hana úr kókdós og kveikjarabensíni. Einnig kom fram í skýrslu lögreglu að brotþoli hafi verið með áverka víða um líkamann, meðal annars í andliti. Í samantekt úr yfirheyrsluskýrslu kemur fram að ákærði hefði í tvo sólarhringa beitt hana ofbeldi, meðal annars lamið hana, sparkað í hana, þrýst á augnlok hennar svo hana verkjaði í augum, bitið hana, klipið, þrýst á öndunarveg hennar og þrýst á alla viðkvæma staði á líkamanum.

Fram kom haft eftir brotþola að ákærði hafi ýtt henni áfram að laut í hrauni þar sem hann hafi sparkað í hana og kýlt hana „tekið alvöru bombu“ þannig að hún hafi bara séð hvítt og dottið niður. Hún hafi dottið út og ekki náð að standa og hafi ákærði þá „sullað“ yfir hana úr kókdós. Þegar hún hafi reynt að opna augun hafi ákærði verið með bensínbrúsa að „sulla“ yfir hana. Hafi hún haldið að nú væri hún að fara að deyja. Spurð um Zippó brúsann svaraði hún því til að ákærði hafi tekið hann með sér af hótélherberginu þegar þau hafi farið út. Fram kom haft eftir brotþola að mest hafi farið í andlit hennar en eitthvað hafi farið í úlpu hennar. Í framhaldi af þessu hafi hún hins vegar náð að hlaupa af stað á háhæluðum skóm auk þess sem allt hafi verið blautt. Hafi hún einhvern veginn náð að hlaupa undan honum þó svo að hún hafi dottið á leiðinni, á hnéd á grjót og hafi hún náð að stöðva bifreið og komist inn í hana enn ákærði hafi náð að halda í hurðarhúninn allt þar til hann hafi orðið undir bifreiðinni en hún hafi samt sagt ökumanninum að halda áfram þar sem hún hafi verið það hrædd. Spurð nánar um það sem gerðist í gjótunni í hrauninu kom fram hjá brotþola: „Ég var bara eiginlega bara tilbúin til að deyja sko, ég var eiginlega búin að taka pínulítið svoléiðis þú veist“. Ekki kom fram nánari skýring á þessu en spurð um það hvort hún hafi talið að ákærði hefði framkvæmt hótun sína að drepa hana kom ótvírætt fram hjá brotþola að hún hafi verið í þeirri trú og hafi hún verið virkilega hrædd.

Vitnið B bar fyrir dómi að hafa verið að keyra á jeppanum sínum inn Álftanesveg á móts við afleggjara inn í Hafnarfjörð, þegar brotþoli hafi hlaupið í veg fyrir bifreið hans og hafi hann þurft að stöðva bifreiðina. Í framhaldi af því hafi brotþoli stökkið inn í farþegasæti bifreiðar hans og sagt honum ítrekað að keyra af stað af því að það væri maður sem ætlaði að drepa hana og hafi hann keyrt rólega af stað sennilega 10 til 30 metra. Á meðan á þessu stóð hafi hann fundið að ákærði hékk í bifreiðinni og hún þá sagt við hann ítrekað „keyrðu áfram hann ætlar að drepa mig“. Hún hafi endurtekið þetta í fimm til tíu skipti. Hann hafi því ekið áfram þar

sem brotþoli var mjög skelkuð og hafi hún hálfpartinn skipað honum að keyra af stað. Á ákveðnum tímapunkti hafi hann fundið að tak ákærða losnaði og hann hafi keyrt yfir hann. Hann hafi heyrt mikinn „dink“ auk þess sem afturdekkið hafi farið upp. Brotþoli hafi þá sagt honum að keyra áfram og hafi hann keyrt um það bil 300 metra en þá stöðvað og hringt á lögregluna. Eftir að hann stöðvaði bifreiðina mun brotþoli hafa farið út og kastað upp en síðan komið aftur inn í bifreið hans. Einnig upplýsti vitnið að brotþoli hafi sagt við hann að ákærði hafi helt yfir hana bensíni en hann hafi ekki fundið bensínlykt. Vitnið sagðist ekki geta sagt til um hvort ákærði hafi virst ógnandi, hann hafi ekki séð framan í hann. Einnig kvaðst hann ekki hafa heyrt orðaskil frá ákærða eða séð neitt ofbeldi. Hann upplýsti að ákærði hefði aðeins náð að opna hurðina en brotþoli hefði haldið á móti. Ákærði hafi hangið í hurðarhúni bifreiðarinnar og sé afleiðing þessa sé sú að hurðahúnninn sé skemmdur og hurðin sé skemmd. Aðspurður hvort hann hefði séð áverka á brotþola upplýsti vitnið að hún hafi verið með blautt hárið. Spurður hvort brotþoli hefði sagt eitthvað annað upplýsti vitnið að hún hafi sagt „hann dró mig út í hraun“. Spurður hvort hann gæti lýst frekar ástandi brotþola sagði vitnið að hún hafi verið mjög skelkuð, mjög hrædd, hafi verið í uppnámi, talað mjög hratt og horft mikið í kringum sig auk þess að vera öll spennt enda sennilega mikil átök að reyna að halda hurðinni lokaðri. Hann svaraði því neitandi er hann var spurður hvort honum hafi fundist brotþoli vera lyfjuð eða drukkin.

Í frumskýrslu lögreglu var atburðum lýst með svipuðum hætti en þar kom fram að vitnið átti að hafa heyrt þegar ákærði hafi öskrað „ég drep þig“ „ég drep þig“.

Í skýrslu sem tekin af vitninu hjá lögreglu deginum síðar lýsti vitnið því að brotþoli hafi sagt: „keyrðu, keyrðu áfram hann ætlar að drepa mig, hann ætlar að drepa mig“ en hafi ekki heyrt hvað ákærði hafi sagt, hafi bara heyrt öskur.

Vitnið C bar fyrir dómi að hafa orðið vitni að því að maður hafi reynt að komast inn í bifreið var sem fyrir framan hann. Bifreiðinni hafi verið ekið af stað og honum hafi sýnst að bifreiðin æki yfir fótinn á manninum. Hann hafi komið að manninum þar sem hann lá í götunni og hafi hann þá staðið á fætur en virst vera í einhverju rugluðu ástandi því að hann hafi bara talað „tóma tjöru“, það hafi ekki komið neitt vitrænt út úr honum. Hann hafi sagt við ákærða að það væri búið að hringja á lögreglu en ákærði hafi sagt að hann vildi ekki sjá hana. Aðspurður taldi hann að maðurinn hefði verið á einhverjum lyfjum en gæti ekki lýst því frekar en hafi virkað að vera góðkunningi lögreglunnar þegar hún kom. Hann hafi einnig séð konu inni í bifreiðinni sem var í svipuðu ástandi að honum fannst, miklu uppnámi, æst og hrædd og hafi hún sagt: „Hann ætlaði að drepa mig, hann ætlaði að drepa mig“. Vitnið taldi að bílstjórinn hafi bara verið að reyna að forða konunni frá þessum manni.

Í skýrslum hjá lögreglu er haft eftir C að hafa séð bifreið nauðhemla. Hann hafi séð mann og konu og konan hafi farið inn í bifreiðina sem hemlaði, en maðurinn hangið á fremri farþegahurð hennar og reynt að komast inn, eins og hann hafi verið að reyna að hindra að bifreiðin kæmist af stað því hann hafi ætlað inn í bifreiðina. Vitnið upplýsti að það væri ekki vafi á því að maðurinn hafi sjálfviljugur tekið í handfangið á bifreiðinni. Hann hafi síðan séð bifreiðina aka af stað og lyftast þegar ekið hafi verið á aðilann. Hann hafi farið út og rætt við aðilann en hann hafi

bara verið með kjaft og haldið utan um lærið sitt og síðan gengið á brott. Fram kom að hann hafi séð þegar ákærði missti pilluglas þar sem hann lá undir bifreiðinni. Honum hafi fundist maðurinn einkennilegur eins og undir áhrifum einhvers, lyfja eða áfengis.

Vitnið D bar fyrir dómi að hafa verið að keyra Álftanesveginn og þá séð bifreið sem þau óku á eftir og hafi maður hangið þar í. Hún upplýsti að bifreiðin sem maðurinn hafi hangið í, hafi keyrt varlega. Vitnið sagðist ekki hafa farið út úr bifreiðinni og því ekki heyrt nein orðaskipti.

Í skýrslu hjá lögreglu er haft eftir D að hún hafi séð fólk hlaupa fyrir bíl sem var á undan þeim. Hún hafi ekki séð atvik vel því það hafi verið dimmt en sagði að maðurinn hafi tekið um handfangið og hangið utan á bifreiðinni. Aðspurð hvort maðurinn hafi hangið utan á bifreiðinni eða virst klemmdur í hurðinni sagði vitnið að hann hafi tekið um hurðina og haldið í hurðarhúninginn með báðum höndum.

Vitnið E lögreglumaður 0530, bar fyrir dómi að hafa ritað frumskýrslu málsins og vísaði til hennar. Hún sagði að lögreglan hafi verið kölluð til vegna líkamsárásar. Hún hafi talað við ökumann þeirrar bifreiðar þar sem stúlkan var í og einnig hafi hún rætt við vitni sem hafi verið í annarri bifreið en hún hafi ekki rætt við ákærða eða brotþola. Vitnið upplýsti þó að stúlkan í bifreiðinni hafi verið í miklu uppnámi, hún hafi ekki getað greint hvort hún væri eitthvað lyfjuð. Aðspurð man hún ekki eftir áverkum á brotþola og ítrekaði að hún hafi ekki rætt við hana. Aðspurð sagði hún rétt sem fram kæmi í frumskýrslu að ákærði hafi verið með kveikjara og sígarettur.

Vitnið F lögreglumaður 0916 bar fyrir dómi að tilkynnt hafi verið um að ekið hafi verið á gangandi vegfaranda. Síðar hafi komið í ljós að einhver ágreiningur hafi verið milli skyldra aðila. Hafi hún rætt við ákærða og hafi ákærði sagst hafa verið að rífast við kærustu sína. Hafi hún hlaupið út úr bifreið þeirra og farið inn í aðra bifreið og hafi hann reynt að opna hurð þeirrar bifreiðar en fest sig og orðið undir bifreiðinni. Spurð um það hvort ákærði hafi skýrt frá því hvernig hann hafi fest sig sagði vitnið að ákærði hafi ekki vitað það sjálfur. Þá hefði verið erfitt að fá framburð hans. Spurð um ástand hans taldi hún að hann hafi verið í einhverju annarlegu ástandi lyfja. Taldi hún að það hafi verið hægt að greina það þrátt fyrir áverka hans og þrátt fyrir að málfar hans hafi verið sljótt. Þá staðfesti hún að ákærða hafi verið með sígarettur og kveikjara á sér.

Vitnið G lögreglumaður 0235 bar fyrir dómi að hafa rætt við brotþola á vettvangi. Hún hafi upplifað það að brotþoli hafi verið mjög hrædd og hún hafi skynjað það að brotþoli hafi trúað því að ákærði hafi ætlað að drepa hana. Vitnið kvaðst aðspurð ekki hafa greint að brotþoli hafi verið undur neinum áhrifum. Brotþoli mun hafa sagt henni frá því að ákærði hafi neitt hana til að fara út bakdyramegin á

Hótel Hafnarfirði og látið hana keyra út á Álftanesveg þar sem bílnum hafi verið lagt á malarstæði milli Álftanesvegjar og Hrafnistu. Ákærði hafi síðan dregið hana út úr bílnum og sparkað í hana og kýlt í gagnaugað, hún hafi séð hvítt og við það fallið niður. Einnig hafi brotaþoli lýst því að ákærði hafi hellt yfir hana kóladrykk og kveikjarabensíni og hafi ætlað að drepa hana með því að kveikja í henni. Svo hafi brotaþoli borið að hafa hlaupið út á veg og í veg fyrir bifreið sem hafi stoppað fyrir henni. Ákærði hafi verið á eftir henni og hún þá farið inn í bifreiðina. Ákærði hafi þá reynt að opna og við það skemmt bifreiðina auk þess sem hann hafi kallað á hana ítrekað „ég drep þig“. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því að brotaþoli hafi verið blaut eða óeðlileg lykt hafi verið af henni. Lögreglan hafi hins vegar lagt hald á úlpu hennar. Hún kvaðst hafa séð áverka á brotaþola, marbletti víðsvegar um líkamann. Þá kvaðst vitnið ekki hafa rætt við ákærða en tekið eftir því að hann hafi verið æstur en hún gæti hins vegar ekki vitnað frekar um ástand hans.

Vitnið H sérfræðilæknir á bráðadeild Landspítala í Fossvogi, gaf símaskýrslu fyrir dómi og staðfesti að hafa undirritað „læknabréf“ það sem liggur fyrir í málinu. Aðspurður um þá áverka sem brotaþola hafi verið með bar vitnið að fram hafi komið sýnileg húðrispa eða lítið sár öðru megin á enni og marblettur hinum megin á enni auk þess sem brotaþoli hafi lýst ýmsum óþægindum í höfuðleðri án þess að það sæjust sýnilegir áverkar eins og markúlur. Auk þess hafi brotaþoli verið með mar á báðum ganglimum og eitt mar á upphandlegg. Hann bar að svona áverkar gætu komið við högg af ýmsu tagi, t.d. að það sé sparkað í fótleggi. Spurður hvort brotaþoli gæti hafa verið undir áhrifum fíkniefni upplýsti vitnið að eins og fram komi í skýrslu hans þá hafi hún komið eðlilega fyrir, róleg og yfirveguð. Hann hafi ekkert fyrir sér en um það en ekkert bendi til þess miðað við þá skýrslu sem hann gerði að hún hafi verið undir einhverjum áhrifum og líklega hefði hann tekið annað fram ef hann hefði greint það. Hann var spurður hvort áverkar á fótleggjum gætu komið til vegna falls og upplýsti hann að svo gæti vel verið og þá væri um endurtekið fall að ræða og þá eigi hann við fleiri en tvö eða þrjú. Hann taldi að fall í hrauni myndi sennileg skilja eftir sig meiri áverka en nokkra marbletti.

Í nefndu læknabréfi dagsettu 25. febrúar 2013 kom fram: „Við skoðun á höfði sést smásár eða húðblæðing ofarlega á enni hægra megin, en vinstra megin og gagnaugað er greinilegt gulleitt mar. Auk þess eru þreifieymsli mjög víða á höfði. Fjöldinn allur af marblettum á báðum sköflungum umhverfis hné og hægra hné er skrapsár framan á hnéskel“. Þá kom fram að áverkar þessir væru ekki alvarlegs eðlis og ætti brotaþoli að ná sér að fullu án meðferðar en nefndir áverkar gætu samrýmst því að brotaþoli hafi orðið fyrir endurteknum höggum eða spörkum.

Vitnið I, sálfræðingur, gaf símaskýrslu fyrir dómi og staðfesti skýrslu sína sem liggur frammi í málinu. Hún bar að brotaþola hafi verið vísað til sín af Barnavernd Hafnarfjarðar í febrúar 2013 og sé enn til meðferðar hjá henni. Vitnið bar eftir því sem henni skyldist að allur sambúðartími aðila hafi verið mjög erfiður en versnað mikið 2010 og um jólin 2012 hafi það verið orðið mjög slæmt. Brotaþoli hafi þá farið út af heimilinu og verið með börnin en ákærði hafi verið ágangur og komið oft óboðinn og verið með mikið áreiti á hana og fjölskyldu

hennar auk þess sem hún hafi mátt þola ofbeldi af hans hálfu. Aðspurð um líðan hennar vegna þessa upplýsti vitnið að brotaþoli fyndi til mikils óöryggis og ótta auk mikilla spennueinkenna. Vegna þessa hafi brotaþoli fyllt út mat sem metur áfallastreituröskun og þar skori hún mjög hátt. Aðspurð um batahorfur taldi hún brotaþola úrræðagóða og sterka en á meðan þessi ógn væri yfir henni væru ekki líkur á því að henni myndi batna. Einnig kom fram hjá vitninu að brotaþoli væri nú í áfengismeðferð en hún hafi ekki upplýsingar um hvort hún hafi verið undir einhverjum áhrifum þegar atburðir þeir er greinir í ákæru lið I. áttu sér stað.

Vitnið J geðlæknir bar fyrir dómi að ákærði hafi lýst fyrir honum því slysi sem hann hafi orðið fyrir í smáatriðum en hann hafi ekki lýst því að hafa beitt fyrrverandi sambýliskonu sína ofbeldi. Þá hefðu bæði brotaþoli og ákærði komið til hans áður en atburðir þessa máls áttu sér stað og hafi allt virst leika í lyndi. Ákærði hafi lengi leitað til hans og geri áfram vegna geðraskana og hafi ákærði átt erfitt frá barnæsku. Á tímabilum fái hann ávísad mikið af lyfjum en á milli hafi hann getað dregið úr þeirri notkun.

Niðurstaða:

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 109. gr. sömu laga.

Ákæruliður I.

Mál þetta var í upphafi rannsakað sem tilraun til manndráps og hefur sú meinta háttsemi ákærða að hann hafi sprautað yfir brotaþola úr Zippó bensínbrúsa verið burðaraliður rannsóknar.

Brotaþoli bar að ákærði hafi sprautað yfir sig úr bensínbrúsanum þar sem þau hafi verið stödd í hraungjótu og hafi bensínið meðal annars farið yfir andlit hennar og á úlpu hennar. Ákærði hefur neitað þessu og í skýrslutökum yfir honum komið fram að brotaþoli hafi sjálf sprautað Zippó bensíni á fætur sér og hótað að drepa sig. Fram kom í gögnum málsins að ákærði hafi á vettvangi verið með kveikjara á sér og sigarettur en hvergi eru upplýsingar um það að Zippó bensínbrúsi hafi fundist. Í gögnum málsins kemur fram að þann 24. febrúar 2013 kl. 21:01 hafi lögreglan haldlagt svarta úlpu og svartar leggings buxur. Sýnin voru samkvæmt málgögnum send þann 27. febrúar 2013 til rannsóknar á því hvort í fatnaðinum væri að finna leifar eldhvetjandi efna. Í niðurstöðu Rannsóknardeildar í lyfja- og

eiturefnafræðum kom fram að sýnin hafi komið í pokum ætluðum fyrir brunasýni. Pokarnir hafi verið kældir áður en komið hafi verið fyrir í þeim kolaræmum sem safni í sig rokgjörnum, lífrænum leysiefnum við vægan hita. Pokarnir hafi síðan verið hitaðir í ofni við u.þ.b. 70 gráðu hita í 16 klst. Fram kom að í sýnunum hafi greinst nokkuð magn lífrænna efna, sérstaklega í úlpunni en samsetning þeirra hafi ekki samsvarað þekktum eldfimum efnum. Var niðurstaða rannsóknarinnar sú að engin eldfim efni hafi verið greinileg í sýnunum.

Í vitnisburði aðila sem hittu brotaþola á vettvangi kom fram haft eftir vitninu B að brotaþoli hafi verið blaut en hann hafi ekki fundið neina bensínslykt af henni. Í vitnisburði lögreglumannsins G kom fram að hún myndi ekki eftir því að brotaþoli hafi verið blaut eða óeðlileg lykt hafi verið af henni.

Miðað við framkomnar upplýsingar liggur ekki fyrir sönnun á því að ákærði hafi sprautað kveikjarabensíni yfir brotaþola og hót að drepa hana.

Ákærði og brotaþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist milli þeirra fram að því að brotaþoli hleypur í veg fyrir bifreið á Álftanesvegi. Bæði gáfu þau skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi. Osamræmi er í framburði þeirra um öll atriði. Um það atriði í ákæru að ákærði hafi hellt yfir brotaþola úr gosdrykk kom þó fram þegar ákærði var spurður hvort hann hafi hellt yfir brotaþola: „Það veit ég ekki já það getur vel verið að ég hafi misst kókdós eða eitthvað ég man ekki eftir því sko ég ætla ekki að svara þessari spurningu núna því ég man ekki eftir því“. Ekki kom fram nánari skýring á því af hverju það gat verið að það hafi hellst yfir brotaþola, en í vitnisburði B kom fram að fatnaður brotaþola hafi verið blautur og þykir sú frásögn styðja framburð brotaþola.

Við úrlausn málsins verður því aðallega að byggja á mati á trúverðugleika framburðar aðila. Í gögnum málsins kom fram að ákærði hafi verið í mjög annarlegu ástandi eftir að hann hafði orðið undir bifreið og hafi framburður hans verið ruglingslegur og ótrúverðugur og hann verið tregur til að skýra frá því sem hefði gerst. Brotaþoli bar að ákærði hafi verið búinn að vaka lengi og verið á miklum eiturlyfjum. Spurður um þetta atriði fyrir dómi kvaðst ákærði hafa verið edrú en taki einhver lyf svo sem Rítarlín og svefnlyf. Í vitnisburði J geðlæknis kom fram að ákærði væri stundum á miklum lyfjum en minna þess á milli. Í áverkavottorði sem ákærði lagði sjálfur fram kom fram í heilsufarasögu að ákærði ætti sögu um fjölfíkn, bæði í kókaín og amfetamín. Við aðalmeðferð málsins skoraði ákæruvaldið á ákærða að leggja fram lista yfir þau lyf sem hann fengi ávísað. Ákærði varð ekki við því og verður horft til þess við mat á trúverðugleika hans. Vitnið C bar að þegar hann kom að ákærða hafi hann verið í rugluðu ástandi og bara talað „tóma tjöru“ ekki hafi komið neitt vitrænt út úr honum. Aðspurður taldi hann ákærða hafa verið á einhverjum lyfjum en gæti ekki lýst því frekar. Vitnið F lögreglumaður bar að erfitt hefði verið að fá framburð ákærða og taldi hún að hann hefði verið í einhverju annarlegu ástandi lyfja.

Ákærði bar að brotaþoli hafi verið á einhverjum efnum. Brotaþoli bar fyrir dómi að ákærði hafi sett morfíntöflu í munn hennar en hún hafi síðar tekið út úr sér töfluna. Í skýrslutöku af brotaþola kom fram eftir henni haft: „Ég var eiginlega búin að taka pínulítið svoleiðis þú veist“. Ekki kom fram nánari skýring á þessu. Fram

kom þó að hún tæki reglulega inn Esopram sem væri jafnvægislyf, gefið við þunglyndi og kvíða. Vitnið B bar að brotaþoli hafi verið í miklu uppnámi og hrædd en spurður svaraði hann því neitandi að brotaþoli hafi verið lyfjuð eða drukkin. Vitnið E lögreglumaður bar að brotaþoli hafi verið í miklu uppnámi en hún hafi ekki getið greint hvort hún hafi verið eitthvað lyfjuð. Í frumskýrslu lögreglu og í vottorði læknis er ekki talin ástæða til þess að fjalla um ástand brotaþola á sama hátt og ákærða og aðspurður taldi læknirinn að hann hefði tekið annan fram ef hann hefði greint það.

Það er mat dómsins að brotaþoli hafi gefið skýrslu sína fyrir dómi óþvingað og eðlilega þar sem hvorki var að greina hik né misbrest í frásögn hennar þannig að ósamræmi væri svo nokkru næmi við skýrslur hennar hjá lögreglu. Framburður ákærða fyrir dómi var einnig í meginatriðum í samræmi við það sem fram hafði komið hjá lögreglu. Hins vegar eru nokkur atriði í framburði ákærða sem að mati dómsins teljast ekki trúverðug. Ákærði bar fyrir dómi að ekki hafi verið neinir áverkar á brotaþola þegar þau fóru út af hótelinu og efaðist fyrir dómi að yfirleitt hafi verið nokkrir áverkar á henni. Í vitnisburði G kom fram að hún hafi séð áverka á brotaþola og hafi hún verið með marbletti viðs vegar um líkamann. Í frumskýrslu lögreglu kom fram að brotaþoli hafi verið með áverka víða um líkamann, meðal annars í andliti. Í framlögðu læknisvottorði málsins og vitnisburði H sérfræðilæknis eru áverkar staðfestir auk þess sem áverkarnir hennar koma í meginatriðum heim og saman við frásögn hennar.

Í vitnisburði ákærða kom einnig fram að brotaþoli hafi ekki verið að flýja hann, hún hafi ekki verið hrædd við hann. Í vitnisburði bæði B og F lögreglumanns kom fram að brotaþoli hafi verið mjög hrædd og hafi það verið upplifun þeirra að ákærði hafi ætlað að drepa hana.

Þá kom fram í framburði ákærða að hann hafi fest höndina milli stafs og hurðar þegar brotaþoli hafi klemmt hana og þannig hafi hann dregist langar leiðir með bifreiðinni. Í skýrslutöku hjá lögreglu kom fram að lögreglan sá rispur á hönd hans. Í framlögðu áverkavottorði er hvergi að finna lýsingu á meiðslum á hönd ákærða sem gætu verið vegna þess að hann hafi klemmt höndina og þannig dregist með bifreiðinni langar leiðir. Í vitnisburði þeirra sem til sáu þegar ákærði reyndi að opna hurð bifreiðarinnar kom fram að ákærði hafi tekið sjálfviljugur með báðum höndum um handfang hurðar og hafi hann hangið þannig utan á bifreiðinni þegar hún ók af stað.

Með vísun til alls þess, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins að við úrlausn málsins eigi að leggja til grundvallar trúverðuga og staðfasta skýrslu brotaþola sem studd er áverkavottorði eins og rakið var. Framburður ákærða þó hann sé í meginatriðum eins fyrir dómi og í skýrslum lögreglu er hins vegar langt frá því að vera trúverðugur. Ákærði verður því sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í ákærinni að undanskildu því að ekki þykir sannað að hann hafi sprautað kveikjarabensíni yfir brotaþola og eru brot hans þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður II.

Ákærði bar fyrir dómi að hann kannaðist við að hafa sent nokkur af þeim smáskilaboðum sem greinir í ákæru en taldi að brotaþoli hefði fyrst haft samband við sig og hann því ekki brotið nálgunarbannið og staðfesting þess efnis kæmi fram á „hotmail“ hjá honum. Aðspurður sagðist hann eiga símanúmer [...]. Smáskilaboð þau er í ákæru greinir voru borin undir ákærða hvert fyrir sig og var afstaða hans eftirfarandi:

Skilaboð send miðvikudaginn 6. mars 2013 kl. 15:23:47. Ákærði bar að hafa sent þessi skilaboð.

Skilaboð send fimmtudaginn 7. mars 2013 kl. 00:50:58. Ákærði bar að hann myndi ekki eftir því að hafa sent skilaboðin en sagði að þau hljómuðu alveg eins og hann. Hann upplýsti að hann ætti í erfiðleikum með skammtímamynni sitt og þetta kæmi eflaust síðar.

Skilaboð send fimmtudaginn 7. mars 2013 kl. 22:52:56. Ákærði bar að hann myndi ekki eftir að hafa sent skilaboðin en þau hljómi eins og hann.

Skilaboð send laugardaginn 9. mars 2013 kl. 01:58:04. Ákærði bar að þetta hljómi eins og hann en hann muni ekki sérstaklega eftir því af því að hann hafi verið á sjúkrahótelu á þessum tíma.

Skilaboð send laugardaginn 9. mars 2013 kl. 09:59:20. Ákærði bar að hann hafi ekki sent þessi smáskilaboð.

Skilaboð send sunnudaginn 10. mars 2013 kl. 07:12:37. Ákærði bar að hann þetta hljómi allt eins og hann og hann ætti símanúmer 771-8677.

Skilaboð send þriðjudaginn 12. mars 2013 kl. 22:20:18. Ákærði bar að hann hefði haft áhyggjur af brotaþola og hann hafi sent þessi skilaboð.

Skilaboð send þriðjudaginn 9. apríl 2013 kl. 03:55:51. Ákærði bar að brotaþoli hefði þarna haft samband við hann, þetta sé afmælisdagur hans.

Vitnið A brotaþoli þessa máls bar fyrir dómi að hún hafi ekki átt upptök á því að hringja í ákærða fyrir utan það að þann 9. apríl 2013, hafi hún sent ákærða skilaboð þess efnis að hún væri að óska honum til hamingju með afmælið. Einnig bar hún að hafa sent honum smáskilaboð eftir lok nálgunarbandsins og það gerðist helst þegar hún hafi drukkið og það sé helsta ástæða þess að hún sé í meðferð í dag. Vitnið bar aðspurð að ákærði væri ekki að áreita hana í dag.

Niðurstaða.

Ákærða er gefið að sök að hafa sent átta smáskilaboð til brotaþola á meðan hann sætti nálgunarbanni. Með nálgunarbanni mátti hann ekki nálgast brotaþola eða setja sig í samband við hana með öðrum hætti.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að vera skráður fyrir símanúmerinu [...] en úr þeim síma voru smáskilaboðin send. Hann hefur fyrir dómi einnig játað að hafa sent nokkur af þeim skilaboðum sem í ákæru greinir. Ekki hafa komið fram aðrar upplýsingar í málinu um að einhver annar gæti hafa sent umrædd skilaboð. Í skýrslutöku af brotþola sagðist hún hafa sent ákærða að fyrri bragði þann 9. apríl 2013 og óskað honum til hamingju með afmælið. Ákærði verður því ekki talinn hafa brotið gegn nálgunarbanni í það sinn. Um önnur tilvik fram að þeim tíma hefur ekki annað verið leitt í ljós en að ákærði hafi að fyrri bragði á þeim tíma sem nálgunarbann stóð sett sig í samband við brotþola. Að mati dómsins er það hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi sent sjö smáskilaboð til brotþola sem í ákæru greini, á tímabilinu 6. mars 2013 til 12. mars 2013 og verður honum gerð refsing fyrir það.

Með vísan til framangreinds, telst sannað að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru nema fyrir smáskilaboð sem sent var þann 9. apríl 2013.

IV

Ákærði er fæddur árið 1977. Ákærða hefur fjórum sinnum verið gerð refsing frá árinu 2008. Þau brot hafa ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga getur varðað sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum og brot gegn 1. mgr. 232. gr. sömu laga getur varðað sektum eða fangelsi allt að 1 ári, en sé brot ítrekað eða stórfellt getur refsing orðið fangelsi allt að 2 árum. Við ákvörðun refsingar verður horft til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga en brotþoli og ákærði voru sambýlisfólk og eiga saman þrjú börn. Með hliðsjón af framangreindu og 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fjórir mánuðir sem verður bundin skilorði svo sem í dómsorði greinir.

Ákærði hafnaði bótakröfu. Í skaðabótakröfu kröfuhafa er krafist bóta að fjárhæð 2.500.000 krónur fyrir alvarlega líkamsárás. Fram kom að kröfuhafi hafi mátt þola andlegt og líkamlegt ofbeldi af hálfu ákærða í mörg ár. Þá hafi hún óttast verulega um líf sitt þann 24. febrúar 2014 enda talið að ákærði hafi ætlað að drepa hana. Kröfuhafi hafi þurft að búa í kvennaathvarfinu í nokkra mánuði og verið óvinnufær. Ítrekað og gróft ofbeldi ákærða hafi haft í för með sér gríðarlegan miska fyrir hana ekki síst vegna andlegra afleiðinga og óvíst sé hvort hún muni nokkru sinni ná sér af sálrænum afleiðingum brotsins. Þá kom fram að bótakrafan nái til beggja ákæruliða og um báða ákæruliði eigi við a og b. liður 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Greinargerð bótþola sem er dagsett 21. mars 2013, var birt ákærða með fyrirkalli þann 26. ágúst 2013. Var til stuðnings kröfunni vísað 1. mgr. 172. gr. laga nr. 88/2008. Málskostnaðarkrafa er reist á 34. gr. og 216. gr. laga nr. 88/2008. Vaxtakröfur er byggðar á 8. gr. sbr. 4. gr. og 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Eins og að framan var rakið, hefur ákærði verið sakfelldur fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, en það ákvæði á við um minniháttar líkamsárás en einnig hefur ákærði verið sakfelldur fyrir brot gegn nálgunarbandi. Fyrir dóminn var lagt fram læknisvottorð þar sem raktar voru líkamlegar afleiðingar þessa fyrir kröfuhafa. Ekki er dregið í efa að brotin hafa haft miklar andlegar afleiðingar fyrir kröfuhafa en horfa ber til þess að ekki var talið sannað að ákærði hafi gert tilraun til þess að drepa kröfuhafa. Með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála kemur því einungis til álita að taka til meðferðar kröfu kæranda um miskabætur úr hendi ákærða vegna þeirrar háttsemi sem sannast hefur á hann og afleiðingar hennar.

Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og með hliðsjón af framangreindu eru miskabætur til brotþola hæfilega ákveðnar 300.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

V

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakakostnað fyrir þau brot sem hann er sakfelldur fyrir, sem er samkvæmt yfirliti 98.170 krónur. Ákærði skal greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir dóminum, Auðar Jónsdóttur hdl., 454.938 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk útlagðs kostnaðar 36.900 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola Sigrúnar Jóhannsdóttur héraðsdómslögmanns að fjárhæð 288.650 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, skal sæta fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða skaðabætur að fjárhæð 300.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 24. febrúar 2013 til 26. september 2013, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði skal greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir dóminum, Auðar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, 454.938 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk útlagðs kostnaðar 36.900 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola Sigrúnar Jóhannsdóttur héraðsdómslögmanns að fjárhæð 288.650 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði 98.170 krónur í annan sakarkostnað.

Bogi Hjálmtýsson